

Aðalfundur Hollvina Grensásdeildar 2021

Haldinn í gegnum fjarfundarbúnað Microsoft Teams þriðjudaginn 7. desember 2021 kl. 17:00

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Samþykkt ársreikninga.
4. Árgjald.
5. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna reikninga.
6. Önnur mál.

Mætt á fundinn voru:

Guðrún Pétursdóttir formaður
Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri
Birgir Ingimarsson varaformaður
Ottó Schopka meðstjórnandi
Bryndís Kristjánsdóttir meðstjórnandi

Páll Svavarsson fundarstjóri
Álfheiður Ingadóttir
Valdimar Guðnason
Þorkell Sigurlaugsson

Boðuð forföll: Baldvin Jónsson meðstjórnandi

Vegna Covid-aðstæðna voru aðalfundir ekki haldnir að vori árin 2020 og 2021, svo hér verður **farið yfir starfsár tveggja ára, 2019 og 2020**. Drögum að skýrslum stjórnar og ársreikningum hafði verið dreift með fundarboði.

Guðrún Pétursdóttir formaður HG setti fundinn kl. 17:05.

Liður 1)

Páll Svavarsson var kjörinn fundarstjóri og Bryndis Kristjánsdóttir kjörinn ritari.

Guðrún las **skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2019**. Efst á góma það árið bar

- að ná athygli stjórnvalda um nauðsyn nýbyggingar við Grensásdeild. Birgir Ingimarsson hafði gert myndband um fyrirhugaðar endurbætur, sem var dreift á samfélagsmiðlum. Myndbandið var sýnt á fundum með heilbrigðisráðherra, forstjóra LSH og öðrum ráðamönnum með góðum árangri.
- Breytingar á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar vegna nýbyggingarinnar voru samþykktar af borgaryfirvöldum.
- Tvö ný göngudeildarherbergi með nýjum tækjabúnaði voru tekin í notkun eftir umfangsmiklar breytingar sem HG höfðu aðstoðað við að kosta.
- Gjafir til deildarinnar voru að venju samkvæmt óskum frá starfsmönnum Grensáss.
- Jólabasarinn var haldinn þann 9. nóvember 2019 í Bústaðakirkju. Að vanda voru ýmiss konar munir til sölu en mest áhersla var lögð á sölu á tertum, kökum og brauði, að ógleymdu vöfflukaffinu, sem alltaf mælist vel fyrir. Hljómsveitin Strá-kurr skipuð læknum og hjúkrunarfræðingum á Grensásdeild og Reykjalundi hélt uppi stuði. Hapdrættið var vinsælt að vanda og skilaði góðum tekjum.

-Minningarkort Hollvina Grensásdeildar skila sínu. Anna Laxdal Þórisdóttir læknaritari hefur annast afgreiðslu þeirra um árabíl, og eru henni færðar bestu þakkir fyrir hjálpina.

-Reykjavíkur maraþon Íslandsbanka gaf góðar tekjur

-Mótorhjólamesa Kraftaklerksins var haldin 10. júní 2019. Grillhúsið seldi sérstaka hamborgara frá Grillhúsinu þennan dag, en Bifhjólasamtök Lýðveldisins Sniglarnir styrktu HG með sama framlagi og safnaðist hjá Grillhúsinu.
-Söfnunarbaukurinn var lánaður í nokkrar veislur og viðburði, þar sem gestir létu fé af hendi rakna til HG.
-Árgjald velunnara HG er kr 2000. -

Þorkell Sigurlaugsson spurði um framvindu mála við framkvæmdir viðbyggingar Grensásdeildar.
Formaður lagði til að það yrði rætt eftir yfirferð skýrslu ársins 2020 og var það samþykkt.

Fundarstjóri bar upp skýrslu stjórnar fyrir árið 2019 og var hún samþykkt einróma.

Liður 3)

Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri fór yfir **ársreikninga 2019**

Fáeinir spurningar voru bornar fram og greiðlega leyst úr þeim. Fundarstjóri bar upp reikninga ársins 2019 og voru þeir samþykktir einróma.

Liður 2 frh) Formaður kynnti **skýrslu stjórnar fyrir árið 2020**. Vegna Covid-19 faraldurs féll næstum allt hefðbundið starf Hollvína Grensáss niður þetta starfsárið:

-Aðalfundi var frestað.

-Reykjavíkur maraþoni Íslandsbanka var frestað, þótt hlauparar hafi hlaupið sínar vegalengdir á sínum forsendum og safnað áheitum.

-Jólabasarinn féll niður.

Þann 27. mars 2020 færði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra formanni þær gleðifréttir að stjórnvöld hefðu ákveðið að styðja byggingu viðbyggingar við Grensásdeild að fullu með 1.600 milljónum á næstu 3 árum. Þar af yrðu 200 milljónir settar í undirbúning og hönnun árið 2020.

Lóð Grensásdeildar er stór og gefur mikla möguleika á að færa hlluta sjúkra- og iðjuþjálfunar út undir bert loft, auk þess sem lóðin gefur almenna möguleika á útiveru.

Stórn HG hefur ákveðið að standa fyrir endurbótum á lóðinni í samráði við yfirstjórn LHS og starfsfólk deildarinnar.

- Gjarfir til deildarinnar árið 2020 voru samkvæmt ósk starfsmanna

-Fjáröflun var einkum með símsölu á geisladiskum sem Símsstöðin hf framkvæmdi og gekk mjög vel.

-Minningarkortin voru líka tekjulind með aðstoð Önnu Laxdal læknaritara.

-Söfnunarbaukurinn sat heima þetta árið, því ekki var mikið um veisluhöld í heimsfaraldrinum.

-Meðlimagjöld voru þau sömu og áður, kr.2000.-.

Fundarstjóri lýsti eftir spurningum og athugasemdum, sem engar voru. Þá var skýrsla stjórnar fyrir árið 2020 borin upp og samþykkt einróma.

Liður 3 frh.)

Þórunn Þórhallsdóttir gjaldkeri fór yfir **ársreikninga ársins 2020**.

Fundarstjóri lýsti eftir viðbrögðum og Álfheiður Ingadóttir spurði um símsöluna. Gjaldkeri útskýrði að fyrirtækið Símsstöðin hafi séð um símasölu á geisladiskum og/eða styrkjum til handa HG, sem gekk vel. Stjórnin hefur ákveðið að halda slíkri söfnun áfram.

Fundarstjóri bar upp reikninga ársins 2020 og voru þeir samþykktir einróma.

Formaður og gjaldkeri þakka Valdimari Guðnasyni endurskoðanda fyrir ómetanlega aðstoð við yfirferð reikninga og frágang ársreikninga.

Liður 4)

Árgjald fyrir árið 2021 hefur ekki verið innheimt vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Árgjald fyrir árið 2022 verði svo innheimt að hausti það ár.

Formaður leggur til að árgjaldið verði óbreytt, kr. 2000,- og er það samþykkt einróma.

Liður 5)

Stjórnarkjör: Allir núverandi stjórnarmeðlimir gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HG og voru kjörnir einróma.

Liður 6)

Önnur mál:

-Álfheiður Ingadóttir fyrrum heilbrigðisráðherra, sem situr í ráðgjafanefnd forstjóra LSH segir að Grensásdeild og HG eigi sterkan stuðning innan nefndarinnar.

-Þorkell Sigurlaugsson er fyrrum skjólstæðingur Grensásdeildar og stjórnarformaður Framtakssjóðs segir að þar sé mikill velvilji í garð Grensásdeildar. Nú þegar endurhæfingarmál komist á skrið með viðbyggingunni verði geðheilbrigðismálin næst á dagskrá.

-Formaður sagðist hafa haft áhyggjur af því að viðbygging Grensásdeildar myndi tynast í stóru myndinni við uppbyggingu nýs Landspítala, en nú hafi ákveðin skref verið stigin í undirbúningi byggingarinnar, sem auki trú á að framkvæmdirnar verði að veruleika. Fjáröflun á nýju ári verður fyrst og fremst með símsölu, en áformað er að jólabasarinn verði haldinn í Bústaðakirkju þann 30.apríl 2022.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl 18:30.

Bryndís Björk Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.